

# 351. fundur Skólanefndar FS

## 13. nóvember 2019



**Mættir:** Böðvar Jónsson formaður, Jónína Magnúsdóttir, Helga María Finnbjörnsdóttir, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Júlíus Viggó Ólafsson og Berglind Bára Bjarnadóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Staða byggingamála.
  2. Athugasemdir varðandi þingsályktunartillögu.
  3. Stefnuskjal 2020-2022
  4. Önnur mál.

Mott	Reykjanesbær ASG 15.11.2019
Lykill	00.10
Málsnr.	2019050701
Ábm.	HA

### 1. Staða byggingamála.

Rætt um stöðu mála varðandi fyrirhugaða viðbyggingu. Beðið er eftir formlegri staðfestingu frá hjá samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir sem þarf að samþykkja framkvæmdina. Verið er að vinna að hönnun og skipulagsmálum.

### 2. Athugasemdir varðandi þingsályktunartillögu.

Rætt um þingsályktunartillögu um skipulag framhaldsskólanáms á Suðurnesjum en óskað var eftir umsögn frá skólanum. Skólanefnd bókar eftirfarandi um málið:

Stjórn Fjölbrautaskóla Suðurnesja fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um stefnumótun og framtíðarskipulag náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum. Stjórnin vill þó árétta að verði slíkur starfshópur skipaður er nauðsynlegt að fulltrúi Fjölbrautaskólans verði í hópnum.

Hinu fjölbreytta námsframboði skólans er ekki bara ætlað að mæta kröfum og þörfum atvinnulífsins heldur einnig að undirbúa nemendur undir frekara nám.

Framtíðaruppbygging skólans og hugmyndir um breytta staðsetningu hans getur ekki aðeins verið mál ríkis og sveitarfélaganna heldur er mikilvægt að sjónarmið fulltrúa skólans komi þar einnig fram.

### 3. Stefnuskjal 2020-2022.

Skólameistari kynnti stefnuskjal fyrir skólann en þar kemur fram hvaða markmið skólinn setur sér næstu þrjú ár. Verið er að bíða eftir athugasemdum frá ráðuneyti áður en gengið verður endanlega frá stefnunni.

### 4. Önnur mál.

a) Skólameistari kynnti tölur um brotthvarf nýnema við skólann en það var 5,2% á síðasta skólaári. Verulega hefur dregið úr brotthvarfi undanfarin ár enda hefur verið unnið markvisst að því að draga úr því.


*[Handwritten signatures and initials]*


- b) Skólameistari kynnti tilboð frá Verkfræðistofu Suðurnesja í þarfagreiningu vegna stækkunar verknámsaðstöðu en gera þarf slíka greiningu áður en undirbúningur þess verkefnis getur hafist. Ákveðið að ganga að tilboðinu en bæta við að þar verði skoðuð aðstaða í öðrum framhaldsskólum til samanburðar.
- c) Búið er að skoða hvort hægt sé að koma upp bílastæðum við skólann þar sem hægt væri að hlaða rafmagnsbíla. Í ljós hefur komið að ekki er nóg afgangsráfmagn til þess. Þetta þarf einnig að skoða varðandi fyrirhugaða viðbyggingu.
- d) Skólameistari kynnti tölur um fjölda íbúa í Reykjanesbæ sem eru fæddir árið 2003 og hvort þeir sækja framhaldsskóla. Alls eru 72% árgangsins í skólanum, 17% eru í öðrum skólum en 11% eru ekki í framhaldsskóla eða fluttir úr sveitarfélaginu.
- e) Skólameistari sagði frá því að á dögnum kom hópur nemenda og kennara frá fimm löndum í heimsókn í skólann sem hluti af Erasmus+-verkefni. Nemendur skólans heimsækja einnig skólana í hinum löndunum og fara fimm nemendur í hverja ferð. Fleiri slík verkefni eru í gangi og undirbúningi.
- f) Búið er að kaupa nýja símstöð sem sett verður upp á næstunni og einnig á að endurnýja vef skólans. Þá er verið að endurnýja þráðlausa senda í skólahúsnæðinu.
- g) Leitarhundur lögreglunnar leitaði í skólanum en fann ekkert frekar en áður.
- h) Skólameistari sagði frá síðu á Instagram sem einhverjir nemendur skólans halda úti en þar er talað um skólann og starfsfólk hans á mjög neikvæðan hátt. Þá eru villandi upplýsingar um mætingareglur og annað í starfi skólans. Skólameistari gerði athugasemd við það að síða nemendafélagsins fylgi slíkri síðu. Á lokaðri síðu er síðan grófara efni þar sem einnig er fjallað um ákveðna nemendur skólans. Formaður NFS taldi þá sem standa að opnu síðunni eiga rétt á að segja sína skoðun og hann taldi eðlilegt að nemendafélagið fylgi þeirri síðu á Instagram. Málið rætt og töldu nefndarmenn neikvætt að slíkri síðu væri haldið úti og óeðlilegt að nemendafélagið styðji slíkt.

SIC  
HMF  
JMA

- i) Skólameistari sagði frá fjárhagsstöðu skólans sem er í jafnvægi.
- j) Verið er að koma upp skynörvunarherbergi fyrir starfsbraut sem er fjármagnað með styrkjum og framlögum frá ýmsum félagasamtökum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

  
Böðvar Jónsson, formaður

  
Jónína Magnúsdóttir

  
Gunnar Valdimarsson

  
Kristján Ásmundsson

  
Helga María Finnbjörnsdóttir

Berglind Bára Bjarnadóttir

  
Júlíus Viggó Ólafsson

  
Guðmann Kristþórsson, fundaritari